

285. fundur bæjarstjórnar Snæfellsbæjar, haldinn fimmtudaginn 3. mars 2016 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 16:00.

Mættir:

Kristín Björg Árnadóttir
 Kristjana Hermannsdóttir
 Björn H Hilmarsson
 Rögnvaldur Ólafsson
 Fríða Sveinsdóttir
 Svandís Jóna Sigurðardóttir
 Kristján Þórðarson
 Kristinn Jónasson, bæjarstjóri
 Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

Forseti bæjarstjórnar setti fund, bauð fundarmenn velkomna á fundinn. Var að svo búnu gengið beint til boðaðrar dagskrár.

Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:

1. **Aðstandendur Sjávarsafnsins í Ólafsvík mæta á fundinn til að fylgja eftir styrkbeiðni frá 2. febrúar 2016. Bréfið var áður tekið fyrir á bæjarstjórnarfundi 4. febrúar og bæjarráðsfundi 18. febrúar.**
 Á fundinn mættu Ragnhildur Sigurðardóttir og Margrét Björk Björnsdóttir og kynntu verkefnið. Nokkur umræða skapaðist um verkefnið. Véku þær Ragnhildur og Margrét svo af fundi og var þeim þökkúð koman.
2. **Fundargerð 269. fundar bæjarráðs Snæfellsbæjar, dags. 18. febrúar 2016.**
 Fundargerðin samþykkt samhljóða.
3. **Fundargerð 186. fundar fræðslunefndar, dags. 22. febrúar 2016.**
 Fundargerðin samþykkt samhljóða.
4. **Fundargerð 2. fundar ungmennaráðs Snæfellsbæjar, dags. 2. febrúar 2016.**
 Varðandi lið 2g, þá er til hjólabrettarampur og ungmennaráð er hvatt til að athuga hvort ekki er hægt að setja hann upp fyrir sumarið.
 Fundargerðin samþykkt samhljóða.
5. **Fundargerð 74. fundar íþrótt- og æskulýðsnefndar, dags. 12. febrúar 2016.**
 Bæjarstjórn fagnar því hversu vel heilsuvikan gengur og að hún sé komin til að vera.
 Fundargerðin samþykkt samhljóða.
6. **Fundargerð 2. fundar velferðarnefndar, dags. 11. febrúar 2016.**
 Samþykkt að fela bæjarritara að fara í gegnum það með nefndinni hvert hlutverk hennar er.
 Fundargerðin samþykkt samhljóða með framkominni athugasemd.
7. **Fundargerðir 4. og 5. fundar nefndar um málefni fatlaðra, dags. 11. nóv. 2015 og 16. febrúar 2016.**
 Fundargerðirnar samþykktar samhljóða.
8. **Fundargerð 79. fundar stjórnar FSS, dags. 16. febrúar 2016.**
 Lagt fram til kynningar.
9. **Fundargerð 122. fundar stjórnar SSV, dags. 20. janúar 2016, ásamt tölvubréfi frá Páli S. Brynjarssyni, framkvæmdastjóra SSV.**
 Lagt fram til kynningar.
10. **Fundargerð stjórnar Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum, dags. 19. febrúar 2016.**
 Lagt fram til kynningar.

Handwritten signatures and initials at the bottom right of the page, including names like Pál, SSV, and others.


11. **Fundargerð 26. fundar stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga.**
Lagt fram til kynningar.
12. **Bréf frá Lánasjóði sveitarfélaga, dags. 22. febrúar 2016, varðandi auglýsingu eftir framboðum í stjórn sjóðsins.**
Lagt fram til kynningar.
13. **Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 18. febrúar 2016, varðandi ósk um umsögn bæjarstjórnar um umsókn Ragnheiðar Víglundsdóttur um endurnýjun á rekstrarleyfi til reksturs gististaðar í flokki I, heimagisting, að Skálholti 6 í Ólafsvík.**
Bæjarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti umsókn Ragnheiðar Víglundsdóttur um endurnýjun á rekstrarleyfi til reksturs gististaðar í flokki I, heimagisting, að Skálholti 6, í Ólafsvík, Snæfellsbæ, að því tilskildu að slökkvilið Snæfellsbæjar og umhverfis- og skipulagsnefnd Snæfellsbæjar gefi einnig jákvæða umsögn.
14. **Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 1. mars 2016, varðandi ósk um umsögn bæjarstjórnar um umsókn Welcome Apartments ehf. um leyfi til að reka gististað í flokki V, hótél og veitingastað í flokki III, veitingahús, Welcome Hótél Hellissandur að Klettsbúð 9 á Hellissandi.**
Bæjarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti umsókn Welcome Apartments ehf. um leyfi til að reka gististað í flokki V, hótél, og veitingastað í flokki II, veitingahús, að Klettsbúð 9, á Hellissandi, Snæfellsbæ, að því tilskildu að slökkvilið Snæfellsbæjar og umhverfis- og skipulagsnefnd Snæfellsbæjar gefi einnig jákvæða umsögn.
15. **Bréf frá Magnúsi Eiríkssyni, f.h. Hjallasands hf., dags. 26. febrúar 2016, varðandi forkaupsréttarheimild Snæfellsbæjar að Báru SH-27, skipaskrárnúmer 6952.**
Bæjarstjórn samþykkti samhljóða að falla frá forkaupsrétti að Báru SH-27, sknr. 6952
16. **Bréf frá 23 Frames, dags. 14. janúar 2016, varðandi styrk til gerðar heimildar-/kynningarmynda fyrir Snæfellsbæ.**
Bæjarstjórn samþykkti samhljóða að hafna erindinu.
17. **Bréf frá Breiðafjarðarnefnd, dags. 15. febrúar 2016, varðandi svæðisskipulag fyrir Breiðafjörð og stefnumótun fyrir nýtingu og vernd hafsvæðis Breiðafjarðar.**
Nýlega eru sveitarfélög á Snæfellsnesi búin að ganga í gengum það stóra verkefni sem felst í svæðisskipulagi fyrir svæðið. Það er mikil vinna og miklir fjármunir sem fara í þannig verkefni og telur bæjarstjórn Snæfellsbæjar rétt að ekki verði farið í annað slíkt verkefni fyrr en komin er meiri reynsla á svæðisskipulagið fyrir Snæfellsnes. Bæjarstjórn gerir sér hins vegar fulla grein fyrir mikilvægi verkefnisins, en telur ekki rétt að farið verði í það að svo stöddu.
Lagt fram til kynningar.
18. **Bréf frá Yrkjusjóði, dags. 26. febrúar 2016, varðandi ósk um stuðning.**
Bæjarstjórn samþykkti samhljóða að styrkja verkefnið um 100.000.-
19. **Brunavarnaráætlun Snæfellsbæjar 2016-2020.**
Bæjarstjórn samþykkti samhljóða brunavarnaráætlun Snæfellsbæjar 2016-2020. Bæjarstjórn samþykkti jafnframt að senda hana til staðfestingar til Mannvirkjastofnunar.
20. **Minnispunktar bæjarstjóra.**
 - a) Bæjarstjóri kynnti staðgreiðslufirlit fyrsta mánaðar 2016.
 - b) Bæjarstjóri fór yfir rekstraryfirlit stofnana fyrir janúar 2016.
 - c) Bæjarstjóri minnti á árshátíð Snæfellsbæjar sem verður 12. mars.
 - d) Bæjarstjóri fór yfir ljósleiðaramál sunnan heiðar.
 - e) Bæjarstjóri fór yfir mál Alm. umhverfisþjónustunnar.
 - f) Bæjarstjóri ræddi starfsmannamál.
 - g) Bæjarstjóri sagði frá kynningu sem hann var með hjá Icelandair.
 - h) Bæjarstjóri fór yfir vatnsverksmiðjumál.


Handwritten signatures and initials in the bottom right corner, including "SJS", "KS", "PS", "M", "AA", and "SJ".


- i) Bæjarstjóri fór yfir hitavatnsmál á Lýsuhóli.
- j) Bæjarstjóri kynnti ferð til Noregs sem verður í vor.
- k) Landsþing Sambandsins verður 8. apríl.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:50



Kristín Björg Árnadóttir


Kristjana Hermannsdóttir



Kristján Þórðarson



Björn H Hilmarsson


Fríða Sveinsdóttir


Rögnvaldur Ólafsson


Svandís Jóna Sigurðardóttir


Kristinn Jónasson, bæjarstjóri


Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

SJS
K Þ
AA